

NÝSKÖPUN ATVINNULÍFS

1.

HEFJA SKAL STÓRVIRKA NÝSKÖPUN  
Í ATVINNULÍFINU.

Stjórnin vill vinna að því að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands, með því m.a.:

Að athuga hvernig sjálfstæði þess verði best tryggt með alþjóðlegum samningum.

Að hlutast tilk um að íslendingar taki þátt í alþjóða samstarfi, sem hinrar sameinuðu þjóðir beita sér nú fyrir.

Að undirbúa og tryggja svo vel sem unnt er þáttöku Íslands í ráðstefnum, sem haldnar kunna að verða í sambandi við friðarfundinn, og sem íslendingar eiga kost á að taka þátt í.

Að hafa náið samstarf í menningar- og félagsmálum við hin Norðurlandaríkin.

-----

Að taka nú þegar upp samningatilraunir við önnur ríki í því skyni að tryggja íslendingum þáttöku í ráðstefnum, er fjalla um framleiðslu, verzlun og viðskipti í framtíðinni, til þess þannig að leitast við:

Að ná sem beztum samningum um sölu á framleiðsluvörum þjóðarinnar og sem hagkvæmustum innkaupum.

Að fá viðurkenndan rétt Íslands til sölu á öllum útflutningsafurðum landsins, með tilliti til alþjóðlegrar verkaskiftingar á sviði framleiðslu.

Að vinna að rýmkun fiskveiðilandhelginnar og við friðun á þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fisks, svo sem Faxaflóa.

Samninganeftdir verði svo skipaðar, að stéftum þeim, sem mest eiga í húfi verði tryggt að hagsmuna þeirra sé vel gætt.

---

Það er megin stefna stjórnarinnar að tryggja það, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.

Þessu markmiði leitast stjórnin við að ná m.a. með þessu:

Af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum sé jafnvirði eigi minna en 300 millj. ísl. kr. sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þeim gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtöldum framleiðslutækjum:

Skip, vélar og efni til skipabygginga o.fl., samtals a.mk. 2000 milljónir króna.

Vélar og bessháttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerða, skipasmíða o.fl. - um 50 milljónir króna.

Vélar og bessháttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingu landbúnaðaráfurða og jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o.fl. - um 50 milljónir króna.

Fært skal milli flokka, ef ríkisstjórnin telur ráðlegt, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. lið hér á eftir. Nefnd sú geri sem fyrst tillögur um frekari hagnýtingu erlendra innistæðna, svo sem um efniskaup til bygginga. Alemnt byggingarefni svo sem sément og bessháttar, telst með venjulegum innflutningi. Efni til skipa, véla og bessháttar sem smíðað er innanlands telst með innflutningi framleiðslutækja.

Ríkisvaldið hlutast til um að slík tæki verði keypt utanlands, eða gerð innanlands, svo fljótt sem auðið er.

Tæki þessi skulu seld einstaklingum eða félögum, og slík félaög m.a. stofnuð af opinberri tilhlutan, ef þörf gerist.

Framleiðslutæki, sem keypt kunna að verða fyrir framlag hins opinbera, að nokkru eða öllu leyti, skulu ekki seld með tapi, nema öll ríkisstjórnin samþykki eða Alþingi ákveði.

Ríkisstjórnin skipar nefnd er geri áætlanir um hver atvinnutæki þurfi að útvega landsmönnum til sjávar og sveita til að forðast að atvinnuleysi skapist í landinu.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og vald hennar. Skal það m.a. ákveðið, að nefndin skuli leita fyrir sér um kaup framangreindra framleiðslutækja erlendis og smiði þeirra innanlands og hafa milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Komi í ljós, að vegna viðskiptareglna annara bjóða verði talið hagkvæmt eða nauðsynlegt, að einungis einnaðili fjalli um kaup ofangreindra tækja, svipað og nú er um sölu á flestri útflutningsvöru landsmanna, skal ríkisvaldið hafa alla milligöngu í þessum eftum.

Við nýsköpun þá á atvinnulífi þjóðarinnar, er hér hefir verið getið, skal hafa sérstaka hliðsjón af þeim sölu möguleikum sem tekst að tryggja Íslandi í heimsviðskiptunum.

Framkvændum innanlands í sambandi við öflun þessara framleiðslutækja skal haga með hliðsjón at atvinnuástandi í landinu, í því skyni að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi. Meðan verið er að útvega hin nýju framleiðslutæki.

Ríkisstjórnin mun taka til athugunar hverjum öðrum framkvændum ríkisvaldið skuli beita sér fyrir í því skyni, að forðast atvinnuleysi.

Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti, sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e.t.v. skyldulánum. Athugað skal hvort til greina komi skylduhluttaka í atvinnutækjum eftir fjáreign.

Ríkisstjórnin leggur áherzlu á að tryggja vinnufriðinn í landinu, og hefir í því skyni aflað sér yfirlýsinga frá stjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdanefnar Vinnuveitandafélags Íslands um þetta.

Ríkisstjórnin hefir, með samþykki nægilegs meirihluta Alþingis ákveðið:

Að sett verði á þessu þingi launalög, í meginatriðum í samræmi við frumvarp það, er 4 alþingismenn, einn úr hverjum þingflokkum, nú hafa lagt fyrir Efri deild Alþingis, með breytingum til móts við óskir B.S.R.B.

Að samþykkt verði frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, um breytingu á dýrtíðarlögunum.

Með því að fjárlagafrumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, er raunverulega með stórkostlegum tekjuhalla, og er auk þess bannig úr garði gert að ekki verði með nokkru móti hjá því komist að hækka útgjöld til verklegra framkvænda verulega frá því, sem þar er áætlað, mun stjórnin tilneydd að leggja á allháa nýja skatta. Þar eð hún telur sér skylt að gera það sem unnt er, til að afgreiða hallalaus fjárlög. Verður leitast við að leggja skattana á þá, er helst

fá undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á striðsgróðann. Skattar á lágtekjumenn verða ekki hækkaðir.

Eftirlit með framtölum verður skerpt.

---

Ríkisstjórnin hefir með samþykki þeirra þingmanna, er að henni standa, ákveðið að komið verði á, á næsta ári, svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannabjóðanna. Mun frumvarp um súlikar almannatryggingar lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda hafi sérfræðingar þeir, er um undirbúning málsins munu fjalla, lagt fram tillögur sínar í tæka tið.

---

Ríkisstjórnin hefir ákveðið og tryggt, að samþykkt verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þáttakandi í I.L.O. eða í þeirri stofnun, er við hennar störfum kann að taka.

Ríkisstjórnin vill gera það sem í hennar valdi stendur til þess að hindra, að tekjur hluta sjómanna rýrni, enda verði heitastjvíð að bæta lífskjör þeirra og skapa þeim meira öryggi.

Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að hafa sem öruggastan hemil á verðlagi og mun vinna að því, að sem minnstur kostnaður falli á vörurnar við sölu þeirra og dreifingu. Verður tekið til ítarlegrar athugunar á hvern hátt þessu marki bezt verði náð.

Loks hefir ríkisstjórnin ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun Stjórnarskrárinna, með það m.a. fyrir augum að sett verði ótvírað ákvæði um réttindi allra þegna þjóð-

félagsins til atvinnu, eða þess fframfærir sem tryggingarlöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis almennrar menntunar og jafns kosningarréttar.

Auk þess verði sett þar skýr fyrirmæli um verndum og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því. Endurskoðun þessari verði lokið svo fljótt, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi áður en kosningar fara fram og eigi síðar ein síðarihluta næsta vetrar og leggur stjórnin og flókkar þeir, er að henni standa, kapp á að frumvarp þetta verði endursamþykkt á Alþingi að afloknum kosningum.

Stjórnin beiti sér fyrir að sett verði nefnd, skipuð sulltrúum frá ýmsum almennum samtökum, stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar.

---

Er forsætisráðherra hafði lesið fyrir þingheimi stefnuskrá stjórnarinnar, mælti hann á þessa leið:

Eins og menn sjá, hefir stjórnin sett sér þau tvö höfuðmarkmið að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands út á við og að hefja stórvirka nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar.

Stefna stjórnarinnar út á við er ljós og þarfust engra skýringa. Vona ég að hún fagni óskiptu fylgi þjóðarinnar.

Um stefnumarkið inn á við skal ég leyfa mér að fara örfáum orðum til skýringar.

Svo sem kunnugt er, hafa allir þingflokkarnir staðið í nær óslitnum samningaumleitunum um málefnagrundvöll og myndun fjögurra flokka stjórnar allt frá því í byrjun júní f.l. og þar til mánudaginn 2. þ.m., að Framsóknarflokkurinn lýsti yfir, að hann myndi eigi lengur, að óbreyttum kringumstæðum, taka þátt í þeim viðræðum. Í öllum þessum umræðum hefir frá öndverðu ríkt fullkomíð samkomulag um, að kappkosta bæri að tryggja, að þeim fjármunum er íslendingum hefir áskotnast, yrði varið til þess að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar til sjávar og sveita og koma því í nýtizku horf, en yrðu ekki að eyðslueyri.

Betta meginatriði hefir nú stjórnin tekið upp í stefnuskrá sína. Ákveðið er, að fyrst um sinn skuli bundnar 300 milljónir kr. af erlendum innistæðum þjóðarinnar, er eigi megi gera að eyðslueyri og eigi að verja til annars en nýsköpunar atvinnulífsins. Þessi gjaldeyrir er til sölu hverjum þeim, sem hann vill kaupa til einhverra þeirra framkvæmda, er falla inn í nýsköpunina, og mun stjórnin eftir megni greiða götu þeirra, er hefjast vill handa í því skyni, jafnt til sjávar sem sveita. Því til tryggingar, að ekki lendi við orðin ein, mun ríkisstjórnin láta leita fyrir sér um kaup slíkra tækja erlendis og smiði þeirra hérlendis, Er það ætlað. að einstaklingar og félög, þar með talin bæjar- og sveitarfélög, kaupi þessi tækji, og gert ráð fyrir, að ef þess gerist þörf, muni ríkisstjórnin hlutast til um stofnun félaga í því skyni. Jafnframt verður að gera ráð fyrir, að ríkið sjálft geti orðið eigandi einhverra tækja. Fari svo, er ákveðið, að þau tækji megi ekki selja með tapi, nema öll stjórnin sé sammála, eða Alþingi ákveði. Er slikt til öryggis.

Um öflun þessara tækja er öllum gert jafnhátt undir höfði, og er ætlað, að í þessum efnum ríki fullt frelsi. Fari hinsvegar svo, að viðskiptareglur annarra þjóða verði með þeim haetti, að íslendingum sé farsælast eða jafnvel að eigi verði hjá því komist, að einn aðili fjalli um málið af íslendinga hálfu, mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu hniga að því ráði. Þarf mönnum ekki að bregða við slikt hér á landi. Hér hefir í nær áratug innflutningut flestrar vöru verið bannaður, án sérstaks leyfis hins opinbera, og nú um skeið nær öll útflutningsvaran verið sold af umboðsmönnum ríkisvaldsins.

Komi til verulegra útgjalda ríkisins af þessum efnum, er ætlað að gera það með lántökum. Kemur þá til mála að skylda menn að taka þátt í þeim lánum, eða jafnvel til báttöku í þeim fyrirtækjum, er ríkið stofanr til. Er fullkömlega réttmætt, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því, að skjótfenginn auður sé þannig láttinn þjóna því hlutverki, að auka veftaeld almennings í landinu.

---

Að þessari stjórn standa menn, sem hafa í grundvallaratriðum sundurleitar skoðanar á, hvaða þjóðskipulag hentir íslendingum best. Þeir hafa nú komið sér saman um að láta ekki pann ágreining aftra sér frá að taka höndum saman um þá nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar, sem ég hefi lýst, og sem er kjarni málefnsamningsins, ogbyggð er á því þjóðskipulagi, sem íslendingar nú búa við. Það er svo ráð fyrir gert, að áfram haldist sú skipan, sem nú er á starfrækslu atvinnutækja í landinu. Rekstur einstaklinga, félaga, bæjar- og sveitarsjóða og ríkisins haldist. Í hve ríkum mæli hverju úrræði fyrir sig verður beitt, veltur að sjálfsögðu nú sem fyrr, ýrist á framtaki hvers aðilans um sig eða þingviljanum eins og hann hverju sinni er. Það er öllum þessum flokkum til lofs, að hafa

sýnt þann stjórnmálabroska, að láta eigi deilur um stefnur standa í vegi fyrir því mikilvæga höfuðhlutverki: nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar.

Ég hef þá lýst meginstefnu stjórnarinnar. Hún hnígur að því, að leitast við að forðast, að hinn skjótfengni auður renni út í sandinn. Hún hnígur að því, að leitast við að úthýsa því boli - atvinnulaysinu - er oft og í vaxandi mæli hefir þjáð fjölda íslenzkra heimila og spillt líðan, heilsu og lífi sorglega margra.

Það hlutverk er stórbrotið og göfugt. Enginn mun dirfast að mæla því í gegn. Hitt er annað mál, hversu bjartsýnir menn eru á sigurhorfurnar.

---

Vík ég þá að öðrum viðfangsefnum stjórnar og þings, og fyrirheitum er ríkisstjórnингfur.

Varðandi setningu nýrra launalaga, vill stjórnin segja það, að henni eru að vísu ljósir annmarkar á því, að slík löggjöf sé sett einmitt á þessum tímum. Hins vegar verður líka að viðurkenna, að tæplega verður lengur við unað það ástand, er nú ríkir í þessum efnum. Ár frá ári eru gerðar handahófs breytingar á kjörum einstakrasstafismanna ríkisins, án þess að nokkurs samræmis sé gætt um kjör þeirra er sömu eða svipuð störf inna af hendi. Afleiðing þessa er, að skapast hefir áberandi misræmi, sem veldur réttmætri og stöðugt vaxandi óánægju. Verður eigi til lengdar staðið gegn því að færa þessi mál í heildarkerfi, og hefir stjórnin nú ákveðið að setja ný launalög, enda þótt því fylgi nokkur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð.

Um breytingu á dýrtíðarlögunum er óþarft að ræða.

Það mál hefir verið skýrt í blöðum og útvarpi, og liggur því alveg ljóst fyrir.

Varðandi álagningu nýrra skatta er það eitt að segja, að óumflýjanleg nauðsyn knýr til þess. Mun innan skamms upplýst fyrir Alþingi öllu og almenningu í landinu hversu þeir reikningar standa, og verður það enginn fagnaðarboðskapur.

Skattarnir verða lagðir á þá, sem mest hafa gjaldþolið. Jafnframt verður reynt að auka tekjur ríkisssjóðs með því að skerpa eftirlit með skattaframtölum.

Þá hefir ríkisstjórnin ákveðið og tryggt því þingfylgi, að lögfesti verði fullkomnið kerfi allmanna trygginga. Má vera að sá ásetningur sæti gagnrýni einhverra og skal ekki að þessu sinni langt út í það farið. Vafalaust neitar því enginn, að æskilegt sé, að Íslendingar fylgist með nágranna þjóðunum í þessum efnum. Um hitt verður spurt, hvort við séum bærir að standa undir kostnaði af slikri löggjöf. Úr því verður að sjálfsögðu reynslan að skera, og skal um það eitt sagt, að ef nýsköpun atvinnulífsins nær settu marki, verður hér á landi um lítið eða ekkert atvinnuleysi að ræða. Sá, sem því borir að tveysta, þarf ekki að óttast hina væntanlegu tþryggingalöggjöf, því þá mun hvorttveggja, að hún kalli aðeins á hóflegan útgjaldaauka og að jafnframt verði þá fyrir hendi mikið gjaldþol skattþegnanna.

Varðandi aðrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar skal látið nægja að vísa til málegnasamningsins.

-----

Menn eru misjafnlega trúðir á að betta samstarf blessist. Ég skil það vel. Ríkisstjórnin hefir sjálf sínar efa-semdir. Einnig og ekki sízt vegna þess, að margt mun verða á okkar vegin, sem við eignum nú enga von, og myndi þó ærinn vandi við það að ráða, sem við þykjumst sjá að í vændum er.

En hverjum augum, sem á betta er litið, verða þeir vafalaust fáir sem ekki viðurkenna, að nú var ekki margra góðra kosta völ. Í nærliggjandi tvö ár hafði landið mátt heita stjórnliði, vegna þess að samstarf var ekki milli stjórnar og þings. Hafði þegar hlotist mikið tjón og verður þó eigi með tölum talið.

Framundan eru örlagaríkir tímar, sem kalla á snöggar ákvarðanir og samstillt átök. Friðarsamningarnir geta haft mikla þýðingu fyrir stjálfstæði þjóðarinnar. Efna-hagsafhoman mun að mjög miklu leyti fara eftir þeim alþjóðasamningum sem gerðir verða um verzlun og viðskipti þjóða á milli, og hverjum samningum Ísland kemst að við önnur ríki. Það riður því á miklu að svo verði um búið, að þessir samningar fari sem bezt úr hendi.

Jafnframt er höfuðnauðsyn að stöðva hinn áleitna vöxt dýrtíðarinnar í landinu.

Stjórn sem ekki naut stuðnings Alþingis, en sat aðeins í skjóli flokkadeilna, var að sjálfsögðu hvorki fær um að sjá þessum nauðsynjum þjóðarinnar borgið, né heldur að hefja þá nýsköpun, sem stjórn, ef nýtur öruggs stuðnings þingmeirihlutans ætti að reynast þær um að framkvæma.

Það er því alveg víst, að aldrei hefir íslendingum verið meiri nauðsyn en einmitt nú að eyða a.m.k. í bili, flokkarígnum og stéttabaráttunni, og sameina kraftana til lausnar stærstu viðfangsefna.

---

Að lokum vil ér aðeins segja örfá orð, er ekki snerta stjórnina sem heild.

Í marga mánuði hefir Sjálfstæðisflokkurinn haft forystu um tilraunir til myndunar 4 flokka stjórnar. Held ég, að enginn neiti, að flokkurinn hefir innt það verk af hendi með polinmaði og brautsegju. Ég harma, að það bar ekki ávöxt.

Eftir að forseti Íslands hafði falið mér að mynda stjórn, og ég, með samþykki flokks míns, tekist á hendur að gera tilraun til þess, snéri ég mér fyrst til Framsóknarflokksins enda höfðu nokkrum sinnum, að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins, farið fram samtöl milli samninganefnda þessara flokka um myndun stjórnar þessara tveggja flokka, ef ómögulegt reyndist að ná viðtækara samstarfi. Framsóknarflokkurinn neitaði að ganga í stjórn, er Sjálfstæðisflokkurinn myndaði, en bar í þess stað fram tillögu, sem Sjálfstæðisflokkurinn gat ekki fallist á.

Ég sneri mér því til Albýðuflokksins og Sameiningarflokks albýðu - Sósialistaflokksins, og hafa þær samningaumleitanir nú leitt til stjórnarmyndunar.

Það var ég sem strax í öndverðu bauð fram, að hver þeirra briggja flokka er saman starfa nú, hefði tvo ráðherra, alveg án hliðsjónar af þingmannafjölda hvers flokks fyrir er að slá því föstu að formi og efni, að hér starfi saman þrír aðilar, jafnir að rétti, skyldum og ábyrgð.

Það hafa gengið miklar sögur af þessum samningum og ekki allar trúlegar. Er ekki laust við, að þess hafi verið freistað að ófrægja alla, sem að þeim hafa staðið. Sjálfstæðisflokkurinn átti ýmist að hafa gleypit hina flokkana, eða þeir hann. Reynt hefir verið að dreyfa út, að Alþýðuflokkurinn hafi látið hlut sinn fyrir Sameiningarflokki alþýðu - Sósialistaflokknum, eða öfugt, alveg sitt á hveð, eftir því, sem best hefir verið talið henta.

Nú hefir blæjunni verið swift frá. Nú sjá menn framan í staðreyndir. Í okkar augum, sem að þessu stöndum, er hér á ferð alvarlegur ásetningur. Við sliðrum flokksverðin. Við semjum vopnahlé um hríð. Við höfum ákveðið að sameina kraftana í því skyni að freista þess, að tryggja, að hinn óvænti gróði reynist ekki aðeins stundar víma heldur grundvölur nýrra athafna, nýrra afkomuskilyrða, nýs menningarlifs, breyttar og bættrar afkomu fyrir þá bjóð, sem lengst af hefir búið ófrjáls og efnalega snauð í landi sínu, en nú hefir öðlast frelsi og sannileg skilyrði til góðrar efnahagsafkomu.

---

Herra forseti - háttvirtu alþingismenn.

Að þessu ári höfum við íslendingar endurreist lýðveldi á Íslandi. Þar með hefst nýtt tímabil í stjórnmálasögu bjóðarinnar.

Deir, sem að ríkisstjórninni standa, vona einlæglega, að sú nýsköpun atvinnulífsins, sem nú á að hefjast, megi verða upphaf nýs velmegunar-tímabils í atvinnusögu þjóðarinnar.

Megi þær vonir rætast, svo og fjárhagsleg velgengni og öryggi festi og treysti hið endurheimta þjóðfrelnsi.

Ríkisstjórnin væntir góðs samstarfs við alla háttvirta alþingismenn og biður um skilning þjóðarinnar og velvilja.

Ísafold og Vörður, 4. nóvember 1944.

2

2.

VIÐ EIGUM GLÆSILEGA FRAMTÍÐ, EF VIÐ  
KUNNUM FÓTUM OKKAR FORRÁÐ.

NÝSKÖPUNIN HEFIR GERBREYTT AFKOMUHORFUNUM.

FAGURGALI KOMMÚNISTA ER LANDRÁÐALYKILL.

Hinn mikli þjóðskörungur og stjórnspekingur, Winston Churchill, segir frá því í endurminningum sínum, sem nú eru að koma út, að þegar hann tók við stjórnartaumunum árið 1940 og myndaði þjóðstjórn sína, hafi hann mælt eitthvað á þessa leið:

"Ef við fórum að láta nútíðina dæma um fortíðina, þá glötum við framtíðinni".

Mjög svipuð ummæli viðhafði einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokkssins, er hæstvirt núverandi ríkisstjórn var mynduð. Með þessum orðum vildi hann láta í ljósi það álit sitt, að hinnar nýju ríkisstjórnar biðu svo mörg og margbætt vandamál, og svo sterk og óvægin andstaða, að ef stjórnin sætti að hafa nokkra skynsamlega von um að ganga með sigur af hólmi í þeirri viðureign, yrði stjórnarliðið að fella niður fyrri væringar og einbeina allri hugsun og orku að vandamálum framtíðarinnar.

Ég skal ekkert um það staðhæfa, hversu farið hefði, ef stjórnin og lið hennar hefðu frá Öndverðu viðurkennt **þetta** höfuðsjónarmið og hegðað sér í samræmi við það. Hitt er staðreyndm að oft hefir meiri orku verið eytt í að rifast um fortíðina, deila hver á annan og sakfella hver annan, heldur en að snúast hart, einarðlega og með sameiginlegu átaki að úrlausn þess vanda, er að steðjaði eða framundan **beið**, enda hefir margt farið miður en vonir stóðu til.

Ég get vel leitt hjá mérf að lýsa hér í kvöld sök á hendur þeim, sem ég tel öðrum fremur valda, að svona hefir til tekist. Ég tel ný eins og fyrr, að fortíðin eigi að víkja fyrir framtíðinni, og ég tel enn, sem fyrr, að stjórnin og lið hennar, hafi engar sigurvonir, ef þetta sjónarmið verður ekki allsráðandi í stjórnarherbúðunum.

---

Bjóðin er auk þess löngu leið á þessu eilifa stagli um það, hverjum þetta eða hitt sé að kenna. Það er viðfangsefni sagnfræðinganna, ef það þá bykir þess virði, að finna út, hvaða áhrif það hafði á dýrtíðarskriðuna, þegar losuð voru tengsl milli verðlags landbúnaðarafurða og kaupgjalds, eða hvernig stóð á því, að vísitalan rauk upp um sumarið 1942, eða hverjar orðið hafa afleiðingar þeirrar niðurgreiðslu á dýrtíðinni, er hófst haustið 1943 o.s.frv.

Eða þá hinsvegar, svo tekin séu dæmi úr þessum umræðum, hvort sannara er, að arfurinn sem núverandi stjórn tók eftir fyrrvefandi sthórn, sé jafn óglæsilegur, sem sumir hæstvirtir ráðherrar gáfu í skyn, eða hitt að það sé nú einmitt þessum arfi að þakka að stjórnin og bjóðin ennþá hafa í sig og á. Hvort það sé nýsköpuninni að kennaeða þakka að andvirði útflutningsvöru okkar hækkaði um 15000

milljónir króna á einu ári. Hvort sannara sé, að númerandi stjórn hafi tekið í arf frá fyrrverandi stjórn 70 - 80 milljón króna gjöld, sem hún beri enga ábyrgð á, eð hvort þessi tala eigi kannske ekki að vera 70 - 80 milljónir króna, heldur alls enginn eyri - þ.e.a.s. hvort sú löggjöf, sem útgjöldin stafa af, hafi öll verið samþykkt gegn eða með samþykki númerandi stjórnarflokka.

Hvort sannara sé að allur gjaldeyrir þjóðarinnar hafi verið uppetinn, þegar númerandi stjórn tók við, eða hitt, að 1. janúar 1947 hafi verið í nýbyggðarsjóði 131 millj. krónur á frjálsum reikningi 93 milljónir króna og ávisað fyrir óinnfluttar vörur 46 milljónir króna, eða þannig alls óeyddar 270 milljónir króna, af þeim 478 milljónum króna, er við áttum 1. janúar 1945.

Eða hvort trúnaðarráð Péturs Magnússonar, skipað 25 öndvegisbendum hvaðansefa af landinu, hafi verið fjandsamlegt bendum, eða hinsvegar sú bezta trygging, sem bændur nokkru sinni hafi öökast fyrir því að hagamuna þeirra væri í hhívvetna gætt.

Hvort það sé satt að í tið fyrrverandi stjórnar hafi ekkert verið gert fyrir landbúnaðinn, eða hitt að aldrei hafi mæra verið gert fyrir bændur.

Pannig mætti lengi telja. Við sem í þessu höfum staðið síðustu árin og áratugina, getum eilíflega rifist um, hvað sé hverjum að kenna, og hvað sé hverjum að þakka. Okkur kemur aldrei saman um það, a.m.k. ekki í áheyrn alþjóðar. Meðan svo er veit þjóðin ekkert, hverjum hún á að trúá í þessum efnunum, og má raunar segja að það skipti ekki öllu.

En þjóðin veit annað, sem hún markar og metur. Hún veit að íslendingar eiga nú miklu fleiri og betri fiskiskip en nokkru sinni fyrr. Hun veit að siglingaflotinn hefir margfaldast undanfarin ár. Hún veit að síldarverksmiðjur, frystihús, lýsisbraðslur og margvislegur annar stóriðnaður hefir sprottið upp í landinu. Hún veit, að andvirði útfluttrar vöru hefir margfaldast frá því fyrir strið. Allt þetta veit þjóðin. Og af öllu þessu veit hún, að ef réft er á haldið á hún sér margfalt meiri og bjartari afkomuhorfur en nokkru sinni fyrr frá því að landið byggðist.

---

En þjóðinni er líka farið að skiljast, að ekki er allt með felldu um hagi hennar og háttu. Hún sér, að fjárlögin eru orðin geigvænlega há. Hún sér, að dýrtíðin er orðin uggvænleg. Hún finnur, að skattarnir eru orðair dráps-klyfjar. Hún sér, að mestur atvinnurekstur landsmanna er rekinn ýmist með ríkisstyrkjum eða beinum halla.

Þjóðin skilur, að allt eru þetta einkenni hættulegs sjúkdóms, sem hún fyrir hvern mun vill forðast að verða að bráð. Ennbá skilja menn þó misjafnlega vel, hvað á seyði er, en flestir eru farnir að ugga að sér. Augu margra eru tekin að opnast fyrir því, að betra er að slá einhverju af því, sem flóðalda styrjaldaráranna færði okkur, heldur en að eiga á hættu að boginn bresti og við taki fyrri fátaekt, atvinnuleysi og brengingar.

---

Ákaflega margir eru ó í rauninni áttaviltir. Menn líta til Alþingis og segja: Þið, sem á þingi sitjið hafið boðist til að stjórna förinni. Hættið tafarlaust að karpa um

vegvillur farinnar slóðar og vísið okkur leið út út ógöngunum, helst styttstu leiðina, helst þá greiðgengustu, en umfram allt þá öruggustu.

Ég hefi enga tilhneigingu til að fella þjóðina undan sök í þessum efnum, í því skyni að gera hlut okkar, sem á þingi sitjum, verri en nauðir rekur til. Og ég verð að viðurkenna, að það er að minnsta kosti ósannað mál, að enda þótt við, sem í stjórnarliðinu erum, leggjum allam okkar styrk saman og tækist með því að benda á rétta leið til úrbóta, að þjóðin myndi á fáanleg til að fara þer augnabliksfornir, sem krafist er.

---

En þrátt fyrir þetta verður hiklaust að viðurkenna, að meðan við tífumst um, hverjum hin háu fjárlög séu að kenna, en hækum þau síðan, í stað þess að lækka þau, meðan við bannfærum hver annan fyrir hina háu skatta, en hækum þá svi, í stað þess að lækka þá, meðan við sakfellum hver annan fyrir sívaðandi dýrtíð, en hækum hana svo í stað þess að lækka hana, meðan við ekki bendum þjóðinni á neina leið, og erum ekki sammála um neittm nema að ásaka hver annan, þá eru það við, sem höfum svikið skyldu okkar gegn þjóðinni, en ekki þjóðin sem hefir brugðist okkur. Á þjóðina fellur sökin ekki fyrr en við höfum vísað veginn, en þjóðin hafnað leiðsögunni.

Enginn veit betur eb ég, hvert djúp skilur Sjálfstæðisflokkinn, Alþýðuflokkinn og Framsóknarflokkinn varðandi jafnt stjórnmalaskoðanir, sem baráttuaðferðir. En þrátt fyrir þetta á þjóðin kröfu á, að úr því við í sameiningu tökum að okkur að stjórnna landinum þá gerum við einhvern-tíma í sameiningu einhverjar tillögur um lausn vandans

aðra en þá að auka útgjöld ríkisins og leggja síðan á nýja skatta til bess að greiða þessi útgjöld, og annað þesskonar. Allir vita að þetta er ekkert náma deyfilyf, semendist stutt og læknar ekkert mein. Allir vita því, að enn höfum við lítið aðhafst annað en slá vandanum á frest, og margir óttast, og kannske ekki að ástæðulausu, að endirinn verði sá, að vandinn vaxi okkur yfir höfuð.

Einhver spyr nú kannske: Hversvegna komið þið Sjálfstæðismenn ekki með ykkar úrræði hvað sem hinum líður,

því er til að svara, að í fyrsta lagi vil ég ekki staðhæfa, að við teljum okkur ráða yfir óyggjandi úrræðum.

Í öðru lagi, og það er í þessu sambandi aðalatriðið, hefir Sjálfstæðisflokkurinn ekki tekið að sér að stjórnna landinu einn, heldur ásamt með tveim örum flokkum. Skyldan til að vísa þjóðinni til vegar hvílir því ekki á Sjálfstæðisflokknum sem slíkum, heldur á stjórnarliðinu sem heild. Um þefta verður ekki deilt.

En þrátt fyrir það myndi Sjálfstæðisflokkurinn ekki hika við að leggja fram sínar tillögur, ef hann teldi sig bjóna þjóðinni bezt á þann hátt. En svo er ekki, eins og sakir standa. Úrræði geta leitt til blessumar, ef nægilegur meiri hluti þjóðarinnar aðhyllist þau, en til bölvunar, ef andstaðan er of sterkt. Beri Sjálfstæðisflokkurinn fram tillögur, en hinir stjórnarflokkarnir láti sér fátt um finnast, eða rísi gegn þeim, eru sigurvonir vissulega minni heldur en ef takast mætti að sameina stjórnarflokkana um sömu eða svipaðar tillögur.

Dessi almennu sannindi eru fullnægjandi rök fyrir því, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem einn af þrem stjórnarflokkunum, ber ekki fram sértillögur, fyrr en að undangengnum árangurslausum úrslitatalraunum innan stjórnarliðsins um önnur og haldbetri úrræði en enn hefir verið beitt.

Ætti það hinsvegar síðar að verða hlutskipti Sjálfstæðisflokksins að taka einn á sig þunga stjórnarábyrgðarinnar, myndi hann að sjálfsögðu, eðli málsins samkvæmt, leggja fram sínar tillögur, berjast fyrir þeim og falla með þeim eða standa.

Það er erfitt að stjórna Íslandi eins og nú er komið söku,. En það er líka til mikils að vinna, því mikið er í húfi. Fátæk og fámenn þjóð, sem lengst af hefir búið við sult og seyru, lenti í ófriðum í hringiðu, sem ef til vill eru fá dæmi um í sögu veraldarinnar. Yfir hana streymdi fjárfloð, sem hana hafði aldrei dreymt um og sem af eðlilegum og óumflyjanlegum ástæðum hlaut að gerbrayta viðhorfi hennar í andlegum og veraldlegum efnunum.

Í kjölfar óvæntrar velmegunar silgdu vaxandi kröfur og þverrandi skilningur. Unga kynslóðin veit lífð um örðuga lífsbaráttu geðranna, en því meir um mikil lífsþeigindi fyrir lítið erfiði, og hefir því enga aðstöðu til að átta sig á, hvílikt happ hinar risavöxnu framfarir eru, og hvílik vá er fyrir dyrum, ef við af sjálfskaparvitum glötum því, er dái og framtak forfeðranna og happ fjárfloðsins hefir fært okkur.

Í þennan jarðveg hefir erlend öfgastefna sáð frækorni sínu, og hlotið ríkulega uppskeru. Þessi stefna lætur stjórnast af annaðegum sjónarmiðum og erlendu valdboði. Um það er ekki lengur hægt að efast, jafn margar og skýrar sannanir, sem Kommúnistaflokkar allra landa hafa fært fyrir þessu síðustu 2-3 árin.

Þeir sem þar ráða ríkjum, láta sig það eitt skipta, að útbreiða trú sína, kommúnismann, en hirða hvergi þótt einræðishöll þeirra verði reist á rústum íslenzks atvinnulifs. Þessir menn telja sig berjast fyrir hugsjón svo helgri, að sigur hennar sé aldrei og dýru verði keyptur, hugsjóm, sem samkvæmt fenginni reynslu annarra þjóða bezt verði rudd braut með atvinnuleyfinu og þrengingum almennings.

---

Það er að sönnu rétt, að flestir Íslendingar hafa viðurstyggr á einræði, þrælatökum og kúgun kommúnismans. En þrátt fyrir það hafa forystumenn þessarar stefnu hættulega sterkað baráttuaðstöðu í þjóðfélaginu. Almenningur í landinu veit minnst um, hvað fyrir þeim vakir. - Við augum þjóðarinnar blasir ekki einræði, kúgunin og fangelsanir andstæðinganna, heldur fagurgali manna, sem bjálfaðir í baráttunni fara troðnar slóðir eftir föstum leikreglum erlendra fyrirmæla, manna, sem bjóða í senn herra kaup, herra verð landbúnaðarafurða og minni dýrtið, manna, sem bjóða í senn fleiri vegi, stærri hafnir, betri brýr, reisulegri skóla, og lægri skatta, manna, sem bjóða í senn að hækka útgjöld ríkisins, en lækka tekjurnar.

---

Meðan pessir menn stóðu að nýsköpun atvinnulífsins, lofuðu þeir, að þegar hin nýju tæki væru tekin til starfa, skyldu þeir taka þátt í að samræma kaupgjaldið burðarþoli atvinnurekstursins. En nú þegar verðlag framleiðslunnar fällur og taprekstur farist yfir allt atvinnulífið, spenna þeir kaupkröfur því hærram sem gjaldgetan verður minni, og virðast ekki ætla að linna látum fyrr en hrunið er fullkomnað, allt í þeirri von, að í öngbveitinu takist þeim að ná völdum. Þau völd þótt skamvinn verði, hljóta þeir síðan <sup>að</sup> ætla að nota þil þess að afhenda land sitt og þjóð þeirri alheimshugsjón, sem þeir berjast fyrir, en íslenzka þjóðin fyfirlítur.

Aðra frambærilega skýringu á framferði þeirra verður ekki auga á komið.

Vafalaust má treysta því, að íslendingar skilji margt af þessu. Að því stuðla jafnt viðburðirnir í ýmsum löndum Evrópu síðustu 2 árin, sem stjórnmálabaráttu íslenzku kommúnistadeildarinnar.

---

Tökum t.d. efnahgassanvinnu Vestur-Evrópu þjóðanna, Marshall-hjálpinu svonefndu. Enda þótt íslendingar fengju þar engan eyri sjálfir ættu þeir þó alla sína afkomu undir því, að sú tilraun heppnist, þ.e.a.s., að fjárhagsleg aðstoð Bandaríkjanna reynist þess megnug að koma fótum undir nýtt og heilbrigrt atvinnu- og fjármálalíf þessara þjóða.

Með því og því eina móti geta íslendingar selt sína framleiðsluvöru, þ.e.a.s. lifað sem sjálfstæð menningarbjóð. Svona nátengdir eru hagsmunir þessara þjóða og okkar.

Samt sem áður berjast kommúnistar hatrammlega gegn þessari viðreisn, og alveg jafnt gegn því fé, sem okkur er heitið til áframhaldandi nýsköpunar í landinu.

Manni sýnist þetta ekki vera með felldu. Það er það heldur ekki. Það, sem á bak við býr, er að herra dómurinn í Moskva, - húsbændur íslenzku kommúnistadeildarinnar, vilja ekki viðreisn Vestur-Evrópu, heldur það varnarleysi, sem bezt þróast í þrengingum og öngþveiti. Ég efast ekkert um, að út af fyrir sig vilja íslenzkir kommúnistar, að íslendingar geti selt afurðir sínar, að við fáum fleiri ný skip og önnur tæki, og yfirleitt þau gæði, sem Marshall-hjálpin veitir, En þeir ráða ekki. Moskva skipar, - þeir hlýða.

Af alveg sömu rótum rann andstaðan gegn Norður-Atlantshafs-sáttmálanum, friðarsáttmálanum mikla, sem þegar er tekinn að sanna ágæti sitt í verkinu, samanber lausn Berlínardeilunnar. Enginn þarf að setla, að ýmsir hinna gweindari og gegnari kommúnista hafi ekki skilið, að í þessum sáttmála fólst eina friðarvon mannkynsins. Enginn þarf að setla, að þeim sé ekki jafn annt um líf sitt og ástvina sinna, sem okkur hinum. En Moskva skipaði og þá varð að hlýða.

Hin æðisgengna árás, sem skrill kommúnista gerði á Alþingi, þegar málid var afgreitt hinn 30. mars s.l., sýnir og sannar, að kommúnistar muni einski skirrasr til að koma fram óskum húsbændanna. Líf og límir andstæðinganna sýnast þar engu skipta.

Og svo þessi meinleysislegi, hæglati og greindi bóndi, Ásmundur Sigurðsson, kemur hér í útvarpið og lýsir þessum viðbjóðslega skriflhætti sem vel gat leitt til þess að svipta marga menn, einkum þá, er þingið vörðu, lífi eða heilsu, - svona ein og hálfgerðum ólætissærslum, sem stjórnin hefði komið á stað, þá er ekki lengur hægt að láta blekkjast. Hér eru á ferð menn, sem hafa glatað sál sinni. Ekkert er þeim lengur heilagt, ekki hagsmunir þjóðarinnar, ekki virðing hennar, ekki frelsi lands og lýðs, ekki sannleikurinn, ekkert skiptir máli, ekkert nema hugsjónin, sem þeir eru búinir að sverja hollustu, og eru nú að fleka aðra til fylgis við undir fölsku flaggi.

---

Ég ætla ekki að taka að mér að verja allar gerðir núverandi hæstvirtrar ríkisstjórnar og enn síður aðgerðarleysi hennar.

Hitt fullyrði ég, að engum skynbærum manni geti blandast hugur um, að henni hefur farið margt ágætlega úr hendi, langbest þó utanríkismálín, að minu viti.

Hvenær hafa kommunistar viðurkennt það með einu orði. Því fer svo fjarri. Heldur hafa þeir svívirt stjórnina fyrir hvert einasta mál, sem hún hefir farsællega leyst, og auðvitað þá mest fyrir það, sem hún hefir bezt unnið, p.e.a.s. utanríkismálín.

Ég treysti því, að jafn pólitiskt broskuð þjóð, sem íslendingar eru, sjái í gegn um mest af þeim lygavef. Ef En ég treysti hinum miklu miður, að þjóðin hafi broska til að standa gegn freistaranaum, sem alltaf er að bjóða henni meiri og betri lifskjör og eykur fagurgalann því meir, sem að minnu er að taka.

Enginn þykist hafa úr og miklu að moða, og þeir, sem minnst bera úr býtum, hafa það heldur ekki. En einmitt þeim ríður mest á að gjalda varhuga við flæðinni, því að á þeim lenda þrengingarnar fyrst, harðast og lengst, ef atvinnulífið leggst í rúst.

En þessum mönnum, og raunara öllum hættir við að trúá því, sem þeir vilja vera láta. Þess vegna er og verður baráttá ábyrgra stjórnmálamanna gegn kommúnistum, eins og nú er háttar högum Íslendinga, erfið og hættuleg. Því verða stjórnarvöldin að gera sér ljóst, að það er þörf sterkrar forystu. Ekkert er jafn hættulegt sem athafnaleysið, úrræðabysið, moðsuðan, þetta hæga andlát, sem verið er að búa velmegun þjóðarinnar, athafnafrelsi hennar, þrótti ármæði og framtaki.

---

Íslendingar eru nú ríkari en nokkru sinni fyrr frá landnámstíð. Velsældin er jafnari og almennari en áður eru dæmi um. Afkomuhorfur eru því að þessu leyti bjartari en nokkru sinni áður.

En samt sem áður erum við í mikilli hættu staddir. Ef ekki verður sprynt öfluglega við fótum, ef áfram verður stefnt að því að færa æ meiri hallarekstur yfir æ fleiri og viðari svið atvinnulífsins, blasir glötunin við. Og það verður ekki eitt, sem glatast, heldur allt, fjármunir og frelsi einstaklinganna og frelsi þjóðarinnar.

Gegn þessu ber að berjast af ósveigjanlegri hörku. Gegn þessu ber öllum að berjast, sem unna frelsi sínu og sjálfstæði þjóðar sinnar, hvað se, að öðru leyti her á milli.

Sú barátta er háð gegn kommúnistum og öllu þeirra fylgifé,  
hvort sem það leynist í hjáleigumkommúnista, eins og t.d.  
Djóðvarnarhreyfingunni, eða innan sjálfra stjórnarherbúðanna.

Sú barátta er örðug, en endar með sigri, ef forystan er  
samhent og örugg.

Það er krafa þjóðarinnar til valdhafanna, að þeir geri sér  
fyllilega ljóst, hvernig sakir standa, við hvað og hverja  
er að etja, láta hendur standa fram úr ermum, veita leið-  
sögn og forystu. Þá standa enn vonir til að þjóðin skilji  
sinn vitjunartíma, berjist og sigru.

Ræða við 3. umræðu fjárlaga (eldhúsumræður) 17. maí 1949.

Ísafold og Vörður 24. maí 1949.